

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2016

2017/EES/73/34

frá 29. apríl 2016

um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1986 frá 11. nóvember 2015 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 842/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1986 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 842/2011 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XVI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB):

„6g. **32015 R 1986**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1986 frá 11. nóvember 2015 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 842/2011 (Stjútíð. ESB L 296, 12.11.2015, bls. 1).“

2. Texti liðar 6d (framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 842/2011) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/1986, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2016 frá 29. apríl 2016 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 296, 12.11.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 222, 27.8.2011, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 85, 30.3.2017, bls. 53 og EES-viðbæti nr. 19 frá 30.3.2017, bls. 52.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.